

30. Merkilegur skilningur og merkilegur rithöfundur

I

Gaman er að því, sem er verulega vel gert, varð mér að orði, er ég hafði, í septemberhefti „Samtíðarinnar“ lesið grein um skilning á draumum, eftir Þorstein Jónsson á Úlfsstöðum. En þessi grein Þorsteins er, ýkjalaust sagt, afbragðs vel gerð. Hann hefir lesið það sem ég hefi skrifað um eðli drauma, einmitt eins og á að lesa það, ásett sér að reyna að komast að því af eigin athugun, hvort það sem ég segi um þetta efni sé rétt. Og honum hefir tekist það. Hann getur jafnvel skýrt frá nýjum athugunum sem varpa því ljósi á eðli draumvitundarinnar, að ekki verður um villst. Ég var að lesa áðan — í hinni miklu alfræðibók Encyclopædia Britannica, sem nokkrir vinir mínir voru svo göfuglyndir að gefa mér á sjötugsafmæli mínu — kaflann um drauma. Hann er ritaður af nafnkunnum vísindamanni, vel, eins og við er að búast og af miklum lærdómi, jafnvel þó að ekki sé alveg rétt skýrt frá hinni frægu draumabók Artemidors, því að hún heitir ekki Oneirokritika eins og í E. Br. stendur, heldur Oneirokritikon. Er í kafla þessum skýrt vel frá skoðunum þeim á eðli draumlífsins, sem fram hafa komið, og nú eru ráðandi, en þess þó að vísu að engu getið, sem ég hefi þar til málanna lagt, og kemur slíkt engum á óvart, sem nokkuð er kunnugur sögu vísindanna. Því að það er óhætt að segja, að það er ekki fyrr en með mínum athugunum, sem komist er á vísindaleiðina á þessu sviði náttúrufræðinnar, og síst að nokkur grunur hafi verið til um það, hversu þýðingarmikil þekking á einmitt þessu sviði getur orðið fyrir framfarir mannkyns sem er á glötunarvegi. Minnir þetta nokkuð á það, hvernig hinum stórkostlegu uppgötvunum Bernhardis á eðli sumra jarðmyndana var í fyrstu tekið — en fæstir lesenda minna munu kannast við nafn Bernhardis, þó að hann væri raunar einn af gáfuðustu vísindamönnum 19. aldarinnar.

II

Þorsteinn Jónsson ritar grein sína vegna þess að honum hefir blöskrað hinn algerði skilningsskortur gagnvart rannsóknum mínum, sem góðskáldið Guðmundur Friðjónsson hafði látið í ljósi í þessu sama tímariti. G. Fr. grunar ekki, að ég hefi í því sem ég hefi ritað um eðli drauma, sagt frá athugunum og ályktunum, sem ekki verða með réttu véfengdar, og má vel minnst þess, að um er að ræða það sem verið hefir viðfangsefni mitt í rúm 40 ár. Á því getur ekki verið minnsti vafi, að samband við íbúa stjarnanna kemur til greina í draumlífi voru. Ef mig t. d. dreymir að ég sjái 3 tungl á lofti, eða að sólin sé 4—5 sinnum stærri en mér hefir hún nokkurntíma virst í vöku, þá verður það auðskilið, ef vér vitum af svefnsambandi voru við íbúa annarra jarðstjarna í alheimi, en er að öðrum kosti óskiljanlegt. Skilningurinn á eðli drauma er svo afarþýðingarmikill af því að hann bendir svo skýrt til þess sem verða á og verða þarf, og er oss sú hjálp sem dugar til að koma auga á hið stórkostlega takmark, sem er samband og fullkomin samhæfing og samstilling lífsins í alheimi. En þar sem þeim skilningi er ekki náð, er verið á glötunarvegi, eða á helvegi, eins og einnig mætti komast að orði, og einkar viðeigandi virðist í þessu svartasta éli mannkynssögunnar sem nú stendur yfir. Er það býsna eftirtekta-vert, að þó að bjartara og bjartara sé milli éljanna, þá verða fyrir því mannkyni, sem ekki hefir lært að rata á lífsins leið, élin sífellt svartari, uns kulnar út með öllu sá lífsneisti, sem leitast var við að glæða á þeirri jörð, svo að nægilegt samband gæti náðst við hið mikla líffélag alheimsins, þar sem dauðinn hefir sigraður verið og allt sem til dauða dregur.

III

Þorsteinn Jónsson er fáliðaður, eins og því miður svo margir íslenskir bændur, og tóm til andlegrar iðju vandfengið, og er því mesta furða, að honum skuli þó hafa tekist að sýna, hversu frábærum hæfileikum hann býr yfir til ritstarfa. Er það þjóðarskaði, ef oss auðnast ekki að styðja að

því, að slíkur maður geti búið við þær ástæður, að hæfileikar hans fái betur notið sín. Enginn þeirra ungu íslensku rithöfunda, sem mér er kunnugt um, ritar betra mál en Þorsteinn Jónsson. Er slíkt að rekja til ljósrar hugsunar. En hinsvegar hefir gott mál meiri þýðingu fyrir hugsunina en menn hafa gert sér ljóst. Hefir mér jafnvel verið að koma í hug, að það sé að verulegu leyti að rekja til þess, hversu nýju málin eru aflagaðri og óskynsamlegri í eðli en gríska, latína og íslenska, að framfarir í heimspeki hafa verið svona lítilfjörlegar, miðað við hið stórkostlega upphaf, sem spekingarnir grísku höfðu eftirlátið seinni kynslóðum, og að það skuli vera hér í fásinninu á Íslandi, sem fyrst hefir þó auðnast að meta spekingana grísku til fulls, og sjá fram á, hver er leiðin til að ná því marki, sem stefna verður að eða farast ella, og einungis verður náð með samtökum alls mannkyns.

16.—17. sept. 1942.

31. Hugmyndir stórskálds um guð og lífið eftir dauðann

I

Kvæði Einars Benediktssonar „Dagurinn mikli“ (Hrannir, s. 40) er vitanlega mikill skáldskapur, en þó eru þær hugmyndir, sem koma þar fram um lífið eftir dauðann, svo fjarri réttu, að ástæða er til að vara við þeim. Því að ekkert getur verið vitlausara en að halda, að á sama standi, hvaða hugmyndir menn gera sér um það efni.

„Daglauna öreigi er dauður í kvöld“, segir skáldið, og „nú sér hann, nú sér hann hvað eilífðin er“.

Því fer mjög fjarri að þetta sé rétt. Nýlátinn maður veit vanalega mjög lítið framyfir það, sem hann vissi í lífinu hér á jörðu. Að vísu væri það nú mikill vitauki að vita, að maðurinn lifir þrátt fyrir dauðann, og á jörð eins og áður, og líkamlegur eins og áður. En þetta verður fæstum ljóst fyrst í stað. Hið algengasta virðist vera, að þegar menn rakna við úr dauðadáinu, liður nokkur tími áður en þeir átta sig á því, að þeir hafa dáið og ennþá lengri tími fer í að láta sér skiljast, að hið nýja líf þeirra er framhald af hinu fyrra, ekki